



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: *Samþykki samnings við Rauða krossinn á höfuðborgarsvæðinu um rekstur neyslurýmis*

Lagt er til að meðfylgjandi samningur velferðarsviðs og Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu um rekstur neyslurýmis verði samþykktur. Gildistími samningsins er eitt ár frá og með þeim degi sem móttaka notenda hefst. Áætlaður rekstrarkostnaður á ársgrundvelli nemur um 50 m.kr. á ári. Neyslurýmið verður rekið í sérútbúnum bíl í eigu Rauða krossins. Sjúkratryggingar Íslands standa straum af rekstrarkostnaði samkvæmt sérstökum samningi þar að lútandi og er því ekki um að ræða kostnaðarauka fyrir velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

Greinargerð:

Þann 5. júní 2020 tóku gildi breytingar á lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni, sem fela í sér heimild til sveitarfélaga til að koma á fót neyslurými, þar sem einstaklingar, 18 ára og eldri, geta neytt ávana- og fíkniefna í æð undir eftirliti starfsfólks.

Á fundi velferðarráðs þann 21. mars 2021 samþykkti velferðarráð að fela velferðarsviði að stofna til viðræðna við Rauða krossinn í Reykjavík um tímabundna nýtingu á bíl í eigu Rauða krossins sem neyslurými til bráðabirgða og hefja undirbúning umsóknar til Embættis landlæknis um leyfi til reksturs neyslurýmis. Velferðarsvið sótti í kjölfarið um leyfi til reksturs neyslurýmis til Embættis landlæknis og hóf samhliða samningaviðræður við Sjúkratryggingar Íslands sem fara með samningsumboð fyrir hönd ríkisins. Samningaviðræðum aðila lauk með undirritun samnings þann 10. nóvember 2021 og var samningurinn samþykktur á fundi velferðarráðs þann 17. nóvember 2021 og á fundi borgarráðs þann 25. nóvember 2021.

Í kjölfar þess var síðan meðfylgjandi samningur velferðarsviðs og Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu um rekstur neyslurýmis undirritaður 21. desember 2021 og er gildistími hans eitt ár frá móttöku notenda. Embætti landlæknis gaf út leyfi fyrir rekstri neyslurýmis 7. mars sl. og frá þeim degi er því heimilt að taka við notendum.

Samningurinn tekur til þjónustu á vettvangi sem byggir á hugmyndafræði skaðaminnkunar og skal vera sérstaklega sniðin að þörfum jaðarsettra einstaklinga sem nota reglubundið vímuefni í æð.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í reglugerð um neyslurými nr. 170/2021 verður aðstaða til rekstursins í sérútbúnum bíl í eigu Rauða krossins. Staðsetning bílsins hefur verið ákveðin í

Samráði við lögreglu. Þjónustan skal eingöngu fara fram innan Reykjavíkurborgar og er fyrst og fremst til að sinna þörfum heimilislausra einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuparfir sem almennt leita í neyðarskýli borgarinnar.

Í fylgiskjali með samningnum er að finna ítarlega lýsingu á þeirri þjónustu sem veitt verður í neyslurýminu.

Fylgiskjöl:

Samningur Reykjavíkurborgar og Sjúkratrygginga Íslands um neyslurými fyrir skaðaminnkandi þjónustu fyrir einstaklinga með vímuefnavanda, nóv. 2021.

Samningur Reykjavíkurborgar og Rauða kross Íslands um rekstur neyslurýmis, des. 2021.

Kostnaðaráætlun

Leyfi Embættis landlæknis fyrir rekstri neyslurýmis dags. 7. mars 2022.